

Augnablik!

Talað í „augnablik“ – hiklaust – án endurtekninga!

Málefni	Íþróttir, hnattvæðing, almenn mannréttindi
Þyngdarstig	Stig 2
Hópstærð	Hver sem er
Tími	40 mínútur
Yfirlit	Í þessu verkefni eiga þátttakendur að halda einnar mínútu ræðu um tengslin milli íþróttar og mannréttinda.
Tengd réttindi	Öll.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að miðla þekkingu um íþróttir og mannréttindamál. • Að gera sér grein fyrir því að öll mannréttindi tengjast innbyrðis á órofa hátt. • Að öðlast sjálfstraust til að geta tjáð eigin skoðanir.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Umræðuefni, eitt á mann. • Hattur. • Úr með sekúnduvísi eða tímamælir.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Taktu ljósrit af síðunni hér á eftir og klipptu út umræðuefnin. • Brjóttu miðana saman og settu þá ofan í hatt.

Leiðbeiningar

1. Segðu þátttakendum að setjast í hring.
2. Láttu hattinn ganga. Segðu þeim, einum af öðrum, að draga miða upp úr hattinum, án þess að kíkja.
3. Þátttakendur fá síðan fimm mínútur til að undirbúa einnar mínútu ræðu um það sem stendur á miðanum sem þeir drógu. Hvorki má hika né endurtaka neitt.
4. Fylgdu röðinni og segðu hverjum á fætur öðrum að taka til máls.
5. Að hverri ræðu lokinni skal gera tveggja til þriggja mínútna hlé fyrir athugasemdir. Ef þátttakendum liggur mikið á hjarta skaltu segja þeim að efnið verði aftur tekið til umræðu í lokin.
6. Þegar allir eru búnir að flytja sína ræðu skaltu leyfa framhald umræðna sem þurfti að stöðva.
7. Síðan skaltu fara yfir í samantekt og mat.

Samantekt og mat

Fyrst ætti að ræða verkefnið og síðan um þau málefni sem fjallað var um.

- Var erfitt að tala linnulaust um þessi málefni í eina mínútu?
- Hvaða efni var erfiðast að tala um og hvers vegna?

MÁLEFNI



ÍÞRÓTTIR



HNATTVÆÐING



ALMENN MANNRÉTTINDI

ÞYNGDARSTIG



STIG 2

HÓPSTÆRÐ



HVER SEM ER

TÍMI



40 MÍNÚTUR

- Hvaða umræðuefni voru umdeildust og hvers vegna?
- Hvaða upplýsingar komu þátttakendum mest á óvart?

Ábendingar til leiðbeinanda

Hægt er að nálgast þetta verkefni með ýmsu móti og túlka má spurningarnar á margan hátt. Mikilvægt er að vinna verkefnið á forsendum unga fólksins. Freistandi kann að vera að fá það til að kafa dýpra í málin, en ekki má líta svo út sem „tiltekinna svara“ sé vænst.

Ef umræðuefnin sem fylgja hér á eftir henta ekki viðkomandi hópi skal semja önnur.

Ef einhverjir eru tregir til að tjá sig þarf að hvetja þá. Það má benda þeim á að reyna að tala í hálfu mínútu eða jafnvel bara tuttugu sekúndur, segja þeim að þeir megi fyrst ráðfæra sig stuttlega við einhvern vin sinn eða bjóða þeim að halda sína tölu síðar.

Tilbrigði

Hægt er að taka tvær eða fleiri umferðir í litlum hópum. Þátttakendur draga þá einn miða í hverri umferð. Ef þátttakendur eru fleiri en fimmtán skal skipta þeim í tvo hópa.

Hægt er að nota þessa hugmynd, þ.e. draga miða upp úr hatti, í hvaða málefni sem er.

Tillögur um framhald

Ef þátttakendur vel upplagðir og langar til að halda áfram að fjalla um íþróttir er bent á verkefnið „Íþróttir fyrir alla“ á bls. 142.

Ef eitthvert annað málefni vakti sérstakan áhuga má skoða verkefnalistann í yfirlitinu á bls. 68 til að fá hugmyndir.

Hugmyndir um aðgerðir

Þátttakendur geta tekið fyrir eitt viðfangsefni og komið sér saman um hvernig hafist skuli handa. Síðan geta þeir þróað verkefni þar sem áfram er unnið að viðfangsefninu. Hægt er að hafa samband við félagasamtök sem vinna á viðkomandi sviði. Nota má verkefnið til að þjálfa þátttakendur og fá þá til að hugleiða hvaða framförum þeir hafa tekið.

Nánari upplýsingar

„Leikreglur: Framlag íþróttta í þágu mannréttinda“, ráðstefna í Sydney 1. til 3. september 1999: www.hrca.org.au/#sport-and-human-rights.

Lykildagsetning

7. apríl

Alþjóðadagur heilbrigðis

EFNI TIL DREIFINGAR

Umræðuefni

<p>Íþróttir og mismunur Geta ólympíuleikar fatlaðra dregið úr fordómum gegn fötluðu fólki?</p>	<p>Íþróttir og umhverfi Golfvellir sæta tíðum gagnrýni fyrir að vera bæði óhollir fólki og umhverfi því að þeir eru oft lagðir á landspildum sem voru áður notaðar til landbúnaðar og skógræktar. Einnig þarf að vökva þá mjög mikið og nota bæði illgresis- og meindýraeitur. Er golfíþróttin þar með mannréttindamál?</p>
<p>Íþróttir og almenn mannréttindi Telur þú að Ronaldo væri heppilegur sem sérlegur sendi-fulltrúi í herferð gegn alnæmi meðal ungs fólks?</p>	<p>Íþróttir og jafnrétti kynjanna Sumir segja að fáar konur gegni starfi þjálfara og stjórnenda innan íþróttahreyfingarinnar vegna þess að konum sé mismunað. Ertu sammála? Ef svo er, hvað er þá til ráða?</p>
<p>Íþróttir og almenn mannréttindi Íþróttamenn sem keppa á heimsmeistaramótum verða að fylgja ákveðnum siðareglum. Þeim sem brjóta reglurnar, nota til dæmis aðstöðu sína til að setja fram pólitískar yfirlýsingar á íþróttamótum, er veitt áminning. Er þá verið að skerða málfrelsi einstaklingsins?</p>	<p>Íþróttir og hnattvæðing Íþróttaskór og annar íþróttabúnaður er framleiddur af ódýru vinnuafli í Austur-Evrópu og í Austurlöndum fjær. Verkaþólknið vill halda vinnunni og vill ekki viðskiptabann. Hvað getum við, sem neytendur, gert til að taka ekki þátt í arðráninu?</p>
<p>Íþróttir og almenn mannréttindi Lögreglunni er heimilt að koma í veg fyrir að fótbolta-áhangendur, sem þeir gruna um ósæktir, fari úr landi til að fylgjast með leikjum. Er rétt að hefja ferða- og félaga-frelsi þeirra með slíkum hætti?</p>	<p>Íþróttir og mannöryggi Í Kína eru framin mannréttindabrot. Átti að velja landið til að halda Ólympíuleikana árið 2008?</p>
<p>Íþróttir og börn Hvað mundir þú segja við metnaðarfulla foreldra og þjálfara sem láta börn stunda æfingar tímunum saman? Hver ætti að hafa réttinn til að taka ákvarðanir sem snerta heilsufar barna og ungmenna og hvernig þau verja frítíma sínum?</p>	<p>Íþróttir og heilbrigði Hvað er hægt að gera hér á landi til að koma í veg fyrir lyfjanotkun íþróttamanna?</p>
<p>Íþróttir og borgaravitund Margir eignast heimili og verða þegnar í öðru landi en fæðingarlandi sínu. Samt styðja þeir ávallt landslið fæðingarlandsins en ekki búsetulandsins. Hvaða landslið ættu þeir að styðja?</p>	<p>Íþróttir og fjölmiðlar Heldur þú að hvaða sjónvarpsstöð sem er geti fengið einkarétt á sjónvarpsútsendingum frá hvaða íþróttaviðburði sem er?</p>
<p>Íþróttir og mismunur Er nauðsynlegt að fram fari kynpróf meðal íþróttamanna til að tryggja heiðarlega keppni eða er það brot gegn mannvirðingu og friðhelgi einkalífs?</p>	<p>Íþróttir og friður Geta keppnisíþróttir stuðlað að samvinnu og skilningi meðal manna?</p>
<p>Íþróttir og menntun Telur þú að leikfimi ætti að vera skyldubundin kennslugrein í skólakerfinu?</p>	<p>Íþróttir og fátækt Telur þú að hérlendir stjórnáamenn noti íþróttir eða íþróttaviðburði til að leiða athygli fólks frá pólitískum og efnahagslegum vandamálum?</p>
<p>Íþróttir og félagsleg réttindi Telur þú að atvinnufólk í íþróttum ætti að njóta sömu réttinda og annað starfandi fólk, til dæmis þeirra réttinda að mega stofna til stéttarsamtaka og vera ekki sagt upp starfi fyrirvaralaust?</p>	<p>Íþróttir og fátækt Í ýmsum löndum geta íþróttageinar, einkum þó knattspyrna, verið einstaklingum eins konar „vegabréf út úr fátæktinni“. Ættu fátæk lönd því að leggja meiri áherslu á knattspyrnu?</p>